



TRANS BÖRN OG UNGMENNI

Sigríður Birna Valsdóttir fjölskyldu- og
leiklistarmedferðarfræðingur/ ráðgjafi hjá
Samtökunum '78

Fyrst þetta... af hverju þarf ég að vita þetta?

- Í öllum skólum og leikskólum eru börn með ódæmigerða kyntjáningu
- Börnum á leikskóla- og grunnskólaaldri sem lifa í samræmi við það kyn sem þeim finnst passa er alltaf að fjölga
- Veist þú nóg til þess að taka á móti þessum börnum?



KYNVITUND

- ◆ **Kynvitund** segir til um hvernig við viljum lifa og vera í okkar kyni. Kynvitund hefur ekkert með kynfæri, líffræði eða útlit að gera. Allir hafa kynvitund.
- ◆ **Sískynja:** fólk sem er sátt í því kyni sem það fæðist í (er ekki trans)
- ◆ **Trans:**
 - ◆ Trans konur/stelpur
 - ◆ Trans karlar/strákar
 - ◆ Flæðigerva (gender-fluid)
 - ◆ Kynsegin (non-binary)
- ◆ **Kynleiðrétting:** Ferli sem sumir trans einstaklingar fara í gegnum til að samræma líkama sinn og kynvitund.



- **Mismunandi á hvaða aldri fólk áttar sig á að það er trans**
- **Sum börn byrja að tjá kynvitund, andstætt því kyni sem þeim var úthlutað, strax og þau byrja að tjá sig**

„Ég hef alltaf vitað að ég er stelpa, ég man ekkert eftir því þegar ég sagðist vera stelpa fyrst ég var svo lítil“ 12 ára trans stelpa

„Ég hef alltaf vitað að hún væri öðruvísi, hún sagði fyrst þegar hún var 2 ára „mamma ég er stelpa“. En það var ekki fyrr en hún var um 6 ára að ég vissi eitthvað um transfólk en það var mjög erfitt að fá upplýsingar“ móðir trans stelpu



JOSIE 11 ÁRA



JACOB 5 ÁRA



○ Önnur um kynþroska eða seinna

„Ég upplifði alltaf að ég passaði ekki inn, en fattaði ekki hvers vegna fyrr en ég var 15 ára og þá var mér farið að líða mjög illa.“ 18 ára trans strákur

„Ég vildi óska að ég hefði áttað mig á þessu þegar ég var yngri, það hefði gert lífið svo miklu auðveldara, ég hataði að fá brjóst og fara á blæðingar.“ 19 ára trans strákur

“ég vildi að einhver hefði sagt mér að þetta væri möguleiki”

“Þegar ég var lítill var ég aldrei stelpa, ég var ekki strákur heldur, ég var bara krakki. Í 10.bekk og byrjun menntaskóla náðu hugmyndir samfélagsins tökum á mér og ég reyndi mikið að passa í kassann sem mér var úthlutað. Það var vont að reyna að vera einhver annar en ég er. En það var eitthvað gott við að passa inn, fá loksins samþykki samfélagsins.” 19 ára trans strákur

“Ég fékk alvarlegt kvíðakast í kynfræðslutíma í grunnskóla, mér fannst þetta svo engan vegin eiga við um mig.” 18 ára trans strákur



EKKI GEÐRÆNN VANDI!

“Barnið mitt er ekki geðveikt!”

En geðrænn vandi er oft afleiðing þöggunar og bælingar

- Það að segja ekki frá og bæla niður þessar tilfinningar getur valdið mikilli **reiði, kvíða, þunglyndi, sjálfskaða, átröskun og öðrum geðrænum vanda**

„Hann breyttist frá því að vera áhyggjulaus og brosandi í það að vera alltaf þungur og vildi ekki fara neitt, í 8.bekk var hann hættur að mæta í skóla og kvíðinn var orðinn mjög mikill þá leituðum við til sálfræðings sem beindi okkur síðan á Samtökin ‘78“ móðir 16 ára transstráks

„Núna líður mér ágætlega, allt gengur mjög vel hjá mér en stundum koma dagar þar sem ég vil bara gráta inn í herbergi, langar ekki að borða eða tala við neinn og byrja að skera mig í líkamshluta sem mig langar ekki að hafa“ 16 ára trans strákur

ÓDÆMIGERÐ KYNTJÁNING (GENDER NON CONFORMING)



Hvenær er það í lagi?



HVERNIG KOMUM VIÐ Í VEG FYRIR VANLÍÐAN OG FORDÓMA?

Hafið þið hugleitt hversu kynjað allt er í kringum ykkur?

- Stráka- og stelpu-
 - litir, föt, bækur, leikföng, búningar, sjónvarpsefni, leikir, orð...

“Mér finnst mikilvægast að skólakerfið fatti hvernig það að vinna gegn staðalmyndum kynjanna hjálpar öllum börnum, bæði hinsegin börnum og öllum hinum líka. Slík fræðsla er ekki eitthvað sérúrræði sem á að grípa til ef eitthvað barn er trans heldur eitthvað sem gagnast öllum börnum og ætti alltaf að vera til staðar.” móðir barns með ódmægerða kyntjáningu



- Hvað getur skólinn gert?
- Gerum ekki ráð fyrir að allir séu gagnkynhneigðir og sískynja!
- Gætum orða okkar í kringum börn og ungmenni!
 - Hann getur líka verið prinsessa og hún getur verið kóngur!
 - Strákar mega vera í kjólum!
 - Stelpur mega vera í ofurhetjufötum!
 - Það skiptir engu máli hvaða leikföng börn velja!
 - Sumir eru með typpi og sumir eru með píku!

HVERNIG TALAR ÞÚ VIÐ BARNIÐ ÞITT EÐA
NEMUNDUR ÞÍNA?



„LITLU“ VANDAMÁLIN

- Nafnið
- Sundlaugin
- kynjaskiptar íþróttir
- Póstkassinn
- Bankakortin og vegabréfið
- Klósettin




„Mér finnst að ég ætti að geta breytt nafninu í þjóðskrá sem foreldri barnsins“ móðir 16 ára trans stráks

- Geta haft gríðarlega mikil áhrif á líf fólks.



- Hvernig er orðræðan í kringum þig?
- Er öruggt að vera hinsegin í skólum á Íslandi?
- Hvernig veistu það?

Við berum ábyrgð!



TAKK FYRIR MIG ☺

